

Þjónustusíður

Erindi vegna framkvæmda sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Leiðbeiningar um notkun
þjónustusíðna Skipulagsstofnunar

Janúar 2024




Þjónustusíður

Á þjónustusíðum Skipulagsstofnunar geta framkvæmdaraðilar og ráðgjafar þeirra skilað inn matsskyldufyrirspurnum, matsáætlunum og umhverfismatsskýrslum sem og öðrum gögnum sem tengjast málsmeðferð framkvæmda á grundvelli laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá er gert ráð fyrir að samskipti framkvæmdaraðila og Skipulagsstofnunar fari fram í gegnum þjónustusíðurnar.


Tengill á þjónustusíður er efst í hægra horninu á [vef Skipulagsstofnunar](#).

Framkvæmdaraðili/ráðgjafi þarf að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum.



Umsóknir

Til að senda inn nýtt erindi þarf að velja „Umsóknir“ í valmynd vinstra megin á þjónustusíðunum (A). Því næst er valið hvers kyns erindi um er að ræða (B).



Í kjölfarið opnast umsóknareyðublað til útfyllingar.

Umsóknareyðublað

Umsóknareyðublaðið er þrepaskipt.

FRAMKVÆMD OG FRAMKVÆMDARAÐILI

Í fyrsta þrepi fyllir framkvæmdaraðili út:

- heiti framkvæmdar,
- heiti framkvæmdaraðila,
- kennitölu framkvæmdaraðila

og smellir svo á „Áfram“ neðst á síðu.

Skipulagsstofnun

Jón Jónsson

Málin mín

Skjalin mín

Umsóknir

Útskrá

Tilkynning um framkvæmd sem kann að vera háð umhverfismati

Hér sendir framkvæmdaraðili eða fulltrúi hans inn tilkynningu um framkvæmd sem kann að vera háð umhverfismati, sbr. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða.

Eftir að tilkynning hefur verið send inn yfirfer Skipulagsstofnun greinargerð framkvæmdaraðila og kallar eftir atvikum eftir frekari upplýsingum.

Eftir að Skipulagsstofnun hefur staðfest að greinargerð er fullnægjandi leitar stofnunin umsagna viðeigandi aðila í gegnum Skipulagsgátt og munu umsagnir birtast þar jafnóðum og þær berast. Gefst framkvæmdaraðila þá tækifæri til að bregðast við umsögnum hér í gegnum þjónustubúr áður en Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati eða ekki.

1 Framkvæmd og framkvæmdaraðili

Heiti framkvæmdar -

Framkvæmdaraðili - Kennitala framkvæmdaraðila -

LÝSING Á FRAMKVÆMD

Í tilviki matsáætlana og umhverfismatskýrslna er framkvæmdaraðila boðið að setja inn texta sem mun vera notaður um framkvæmdina í Skipulagsgátt þegar framkvæmd fer í kynningu.

Sá texti er skráður í „Lýsing á framkvæmd“.

2 Lýsing á framkvæmd

Lýsing

Texti sem fylgir málinu þegar það verður birt til kynningar í Skipulagsgátt.

Til Baka

Áfram

SAMSKIPTI VEGNA VERKEFNIS

Þar á eftir fyllir framkvæmdaraðili út tengiliði vegna verkefnis.

2 Samskipti vegna verkefnis
Athugið að skrá þarf kennitölu þeirra sem eiga að hafa aðgang að málinu í gegnum þjónustulöður Skipulagsstofnunar.

Tengiliður framkvæmdaraðila *	Kennitala *	Netfang tengiliða *
Jón Jónsson	123456-7890	Tengiliður 1
Tengiliður 2	Kennitala	Netfang
	10 stafir eftir	
Tengiliður 3	Kennitala	Netfang
	10 stafir eftir	
Tengiliður 4	Kennitala	Netfang
	10 stafir eftir	

3 Grauhærð og fylgiskjöl

Til Baka Áfram

Nafn þess sem sendir inn málið er sjálfvalið og ekki hægt að breyta og þarf hann eingöngu að setja inn netfang.

Auk þess getur viðkomandi sett inn þrjá aðra tengiliði. Athugið að skrá þarf kennitölu þeirra sem eiga að hafa aðgang að málinu á þjónustusíðunum.

GÖGN MEÐ UMSÓKN

4 Matsáætlun og fylgiskjöl

Matsáætlun *

Dragðu skjal hingað til að hlaða upp
Tekið er við skjölum með endingu: pdf, docx, xlsx, rtf

Velja skjal til að hlaða upp 📎

Fylgiskjöl

Dragðu skjal hingað til að hlaða upp
Tekið er við skjölum með endingu: pdf, docx, xlsx, rtf


Velja skjal til að hlaða upp 📎

Til Baka Sendu umsókn

Að lokum setur framkvæmdaraðili inn tilkynningu/matsáætlun/ umhverfismatsskýrslu ásamt því að hafa möguleika á að senda inn fylgiskjöl.

Til að senda erindi inn er að endingu smellt á *Sendu umsókn*.

Málin mín



Eftir að erindi hefur verið sent inn birtist það undir málin mín ásamt því að stofnast í málaskrá Skipulagsstofnunar.

Fyrst eftir að mál hefur verið stofnað fær það heitið: Ný tilkynning/Ný matsáætlun/ Ný umhverfismatsskýrsla.

Eftir að starfsmaður Skipulagsstofnunar hefur gefið málinu nýtt heiti í málaskrá birtist nýja heitið á þjónustusíðunum.

Mál eru upphaflega skráð með stöðuna: „Innkomið“ en staðan breytist í „Úthlutað/Í vinnslu“ þegar Skipulagsstofnun hefur hafið yfirferð.

Samskipti við Skipulagsstofnun

Samskipti framkvæmdaraðila við Skipulagsstofnun fara fram í gegnum þjónustusíður. Hægt er að leggja fram fyrirspurnir um stöðu máls eða svara fyrirspurnum Skipulagsstofnunar um málið í textareit undir „Samskipti“ í viðkomandi máli.

Samskipti

Engin skilaboð

Skrifa ný skilaboð...

Tengiliðir máls fá senda tilkynningu í tölvupósti í hvert sinn sem Skipulagsstofnun uppfærir samskipti eða leggur fram ný skjöl: